

SKIPTU ÞÉR AF!

HEIMILISOFBELDI

BER ÉG ÁBYRGÐ?

NEI

Þú þarft ekki
að lesa lengra.

Ekki skiptu þér af
ofbeldinu.

JÁ

Lestu áfram.

Skiptu þér af
ofbeldinu.

Tilgangur þessa bæklinga að aðstoða fólk við að gera sér grein fyrir alvarleika heimilisofbeldis og um leið að stuðla að því að fólk taki ábyrgð með því að skipta sér af þegar einhver er beittur ofbeldi.

SKILGREININGAR

Það er ekki munur á „heimilisofbeldi“ og „ofbeldi í nánum samböndum“. Um er að ræða ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers nákomins, skyldum eða tengdum, eins og maka, barnsföður/barnsmóður, barni, foreldri, systkini eða forráðamanni sínum.

Heimilisofbeldi getur verið af margvíslegum toga, það getur verið líkamlegt, andlegt, stafrænt, fjárhagslegt og/eða kynferðislegt. Sérstaða heimilisofbeldis felst í því að gerandi og þolandi tengjast nánum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella auk þess að gera þolanda erfiðara um vik að slíta tengslum við gerandann.

Heimilisofbeldi hefur oftast ákveðið mynstur sem einkennist annars vegar af ógn, þvingun, spennu, hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi og hins vegar af eftirsjá, samvikubiti, afsökunum og loforðum um breytingar.

Hjúskaparstaða: Gerandi getur verið núverandi eða fyrrverandi maki. Þolandi og gerandi þurfa ekki að búa saman né vera gift/skráð í sambúð til að ofbeldið flokkist sem heimilisofbeldi.

Staðsetning: Heimilisofbeldi þarf ekki að vera bundið við heimili geranda eða þolanda.

Afleiðingar: Ofbeldi þarf ekki að enda með alvarlegum líkamlegum afleiðingum til að teljast heimilisofbeldi.

Tíðni: Ofbeldið þarf ekki að vera ítrekað til að teljast heimilisofbeldi.

Sá sem beitir ofbeldi er ekki að “missa stjórn” heldur viljandi að reyna að stjórna þolanda með ofbeldi.

Það er vel þekkt að fólk geri sér ekki grein fyrir því að um heimilisofbeldi sé að ræða og það getur verið mjög erfitt fyrir þolendur að segja frá ofbeldinu og leita sér aðstoðar. Þess vegna er mikilvægt að þú skiptir þér af ef þú hefur grun eða vitneskju um að einhver sé beittur ofbeldi.



AFLEIÐINGAR

Afleiðingar heimilisofbeldis á konur og börn hafa mikið verið rannsakaðar en afleiðingar þess á karla hafa minna verið rannsakaðar.

Heimilisofbeldi er brot á mannréttindum. Konur sem búa við heimilisofbeldi eru líklegri til að þróa með sér líkamlega og andlega kvilla. Þær neyðast til að nota heilbrigðiskerfið meira, lífsgæði þeirra eru skert, þær hafa oft minni möguleika á að sækja sér atvinnu og menntun og fá færri tækifæri til að njóta lífsins miðað við konur sem ekki búa við heimilisofbeldi. Alvarlegustu líkamlegu afleiðingarnar eru að þolandinn er myrtur. Af öllum konum sem eru myrtar í heiminum, er rúmlega þriðjungur þeirra myrtur af maka. Rannsóknir sýna að um 30% kvenna í heiminum hafa upplifað heimilisofbeldi af hálfu maka. Á Íslandi er hlutfallið áætlað 22% (líkamlegt og/eða kynferðislegt). Af þeim sem hafa búið við ofbeldið hafa 42% hlotið líkamlega áverka af völdum þess.


Líkamlegir áverkar af völdum heimilisofbeldis eru oft minniháttar og dreifðir um líkamann. Áverkarnir eru oftast staðsettir á efri hluta líkama, á höfði, andliti og á hálsi. Algengasta tegund áverka eru marblettir, skurðir og sár. Íslensk rannsókn á heimilisofbeldi leiddi í ljós að um 11% kvenna í rannsókninni voru með skurðsár og 11% voru beinbrotnar. Líklegast er að gerandi kýli eða slái þolandann, en spörk og hrindingar eru einnig algengar. Um 5% kvenna á Íslandi eru beittar heimilisofbeldi á meðgöngu, sem eru um 200 ófrískar konur á hverju ári.

Erfitt getur verið að átta sig á andlegu ofbeldi og afleiðingum þess, en einnig getur verið erfiðara að losa sig við afleiðingarnar, miðað við afleiðingar líkamlegs ofbeldis. Það getur líka verið mikil vinna að losna við tilfinninguna sem fylgir andlega ofbeldinu á meðan líkamlegir áverkar taka ákveðinn tíma að gróa en svo eru þeir horfnir af líkamanum. Rannsóknir hafa einnig sýnt að tengsl eru milli andlegs ofbeldis og þunglyndis, kvíða og áfallastreituröskunar.

BÖRN

Rannsóknir sýna að börn sem búa við heimilisofbeldi eru í meiri hættu á að þróa með sér hegðunarraskarnir og sálfélagsleg vandamál, sem geta þróast áfram í geðraskanir. Börn sem búa við heimilisofbeldi eru í aukinni áhættu á sjálfsvígshugsunum (35%), miðað við börn sem ekki búa við heimilisofbeldi (5%). Það er ekki munur á kvíða- og þunglyndiseinkennum hjá börnum sem hafa verið beitt líkamlegu heimilisofbeldi og þeim sem hafa orðið vitni að slíku. Það er almennt vanmetið hversu mikið börnin heyra og/eða vita um ofbeldið á heimilinu, því gerandi og þolandi vilja gjarnan trúá því að börnin viti ekki hvað hefur gengið á. Algeng skýring þolenda og geranda á því að börnin viti ekkert er sú að „börnin voru sofandi“. Það er hins vegar rangt, því börnin vita yfirleitt alltaf af ofbeldinu.

Rannsóknir hafa sýnt að því lengur sem þolandi og börn hans búa við heimilisofbeldi því verri og alvarlegri verða afleiðingarnar. Þess vegna er mikilvægt að taka strax afstöðu gegn ofbeldinu og sýna það í verki. Börn sem búa við ofbeldi, lifa við skert lífsgæði, stundum alla sína æsku.



AÐ TILKYNNNA

Hlutverk barnaverndar er að grípa inní ef börn búa við óviðunandi aðstæður og veita fjölskyldu barnanna nauðsynlegan stuðning. Þegar tilkynning berst barnavernd þarf hún að ákveða hvort kanna eigi málið og eftir atvikum aðstoða fjölskylduna. Aðstoð getur til dæmis verið í formi viðtala, ráðgjafar, eftirlits eða umsókna um stuðningsúrræði.

Barnið á að njóta vafans, þess vegna átt þú að tilkynna til barnaverndar ef þig grunar að barn sé beitt ofbeldi eða sé beint eða óbeint vitni að ofbeldi.

Samkvæmt barnaverndarlögum hvílir tilkynningaskylda okkur öllum:

Barnaverndarlög nr. 80/2002

IV. kafli. Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr. Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.


Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

KVENNAATHVARFIÐ

Hlutverk Kvennaathvarfsins er að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis, fyrir konur sem hefur verið nauðgað og fyrir kvenkyns þolendur mansals

Þjónusta Kvennaathvarfsins:


- 1 Símaráðgjöf sem opin er allan sólarhringinn.
- 2 Viðtal til að fá ráðleggingar, upplýsingar og stuðning.
- 3 Möguleiki er á að skrá sig í sjálfshjálparhóp í kjölfar viðtals.
- 4 Dvöl. Ráðgjafar athvarfsins veita fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar.
- 5 Starfskonur Kvennaathvarfsins veita ýmiss konar fræðslu um heimilisofbeldi, eðli þess, umfang og afleiðingar. Fræðslan er miðuð að þörfum hvers hóps fyrir sig og óskir um fræðslu skal senda til Sigprúðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins á netfangið sigthrudur@kvennaathvarf.is



SAMFÉLAGSLEGAR MÝTUR OG VIÐBRÖGÐ VITNA

Mýtur sem ýta undir það að þeir sem vita af ofbeldinu gera ekki neitt til að hjálpa:


- **„Ég ætti ekki að skipta mér af einkamálum í þessari fjölskyldu“**
Jú, því þótt einhver í fjölskyldu sé beittur ofbeldi á heimili sínu þá er það ekki einkamál fjölskyldunnar.
- **„Viðkomandi er nú oft erfið/ur í samskiptum, svo þetta kemur ekki á óvart“**
Það er ekki afsökun/ réttlæting fyrir því að beita viðkomandi ofbeldi.
- **„Ef þetta væri virkilega slæmt, myndi viðkomandi bara fara frá honum/henni“**
Nei, heimilisofbeldi er oft flókið samspil sem erfitt er að slíta sig frá vegna til dæmis nándar við gerandann, langvarandi andlegu niðurbroti og/eða fjárhagslegra skuldbindinga.
- **„Ég þekki maka hans/hennar og viðkomandi myndi aldrei gera neitt svona“**
Margoft hefur komið í ljós að „ótrúlegasta fólk“ er einmitt gerendur í heimilisofbeldismálum. Síðan hvenær varðst þú skyggn?
- **„Ef viðkomandi vill mína hjálp þá myndi hún/hann biðja mig um hjálp“**
Nei, það er yfirleitt ekki tilfellið, en þolendur eru hins vegar líklegir til að þiggja hjálp ef þeim er boðin hún. Rannsóknir sýna að þolendur hefðu viljað láta spyrja sig um ofbeldi. Þolendur vilja hjálp.





KVÆNNAATHVARF

Útgefandi: Samtök um kvænnaathvarf
www.kvænnaathvarf.is



HVERNIG SKIPTI ÉG MÉR AF?

Ræða málið við þolandann - Hlusta án þess að dæma - Vera til staðar - Ítreka að ofbeldið er aldrei þolandanum að kenna - Það á enginn skilið að vera beittur ofbeldi - Hvetja viðkomandi til að leita sér hjálpar - Hjálpa þolandanum að gera öryggisáætlun.

AÐSTOÐ

Félagsmálayfirvöld í hverju sveitarfélagi veita velferðarþjónustu og fara með málefni barnaverndar.

Kvænnaathvarfið

Dvalarstaður og ráðgjöf vegna heimilisofbeldis
Kvænnaathvarf.is

Neyðarnúmer: 561 1205 Skrifstofa:
561 3720

Heimilisfriður

Meðferðar – og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum
Heimilisfridur.is

Sími: 555 3020

Bjarkarhlíð

Miðstöð fyrir þolandur ofbeldis
Rvk.is/bjarkarhlid
Sími: 553 3000

Drekaslóð

Fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þolandur alls kyns ofbeldis.
Drekaslod.is
Símar: 551 5511 og 860 3358

Lögreglan

logreglan.is
Sími: 444 1000

Slysa- og bráðamóttaka LSH í Fossvogi

Þjónusta þolandur ofbeldis - opið allan sólarhringinn.
Sími: 543 2000

Neyðarmóttaka fyrir þolandur kynferðisofbeldis

Opið allan sólarhringinn.
Landspítalinn – Fossvogi
Sími: 543 1000 – Aðalskiptiborð LSH

Stígamót

Ráðgjöf fyrir þá sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi
Stigamot.is
Símar: 562 6868 og 800 6868

Hjálparsími og Netspjall Rauða Krossins

Hlustun, stuðningur og upplýsingar um úrræði. Opið allan sólarhringinn.
Sími: 1717
Netspjall: svarbox.teljari.is/?c=1137

Kvænnaáðgjöfin

Kvænnaáðgjöfin er ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf. Kvænnaáðgjöfin.is
Sími: 552-1500

Aflið á Akureyri

Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi
Aflidak.is
Sími: 461 5959 / 857 5959

Sólstafrir á Ísafirði

Systursamtök Stígamóta á Ísafirði.
Solstafrir.is
Sími: 846-7484

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur
Humanrights.is
Sími: 552 2720

